

Mál nr. 12/2004

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Hestur varð fyrir bifreið á Vesturlandsvegi í Borgarbyggð þann 1.6.2001.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27.1.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur.
4. Greinargerð ökumanns A.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður Vesturlandsveg. Rétt fyrir ofan bæinn Kárastaði í Borgarbyggð varð hestur fyrir A. Aflífa þurfti hestinn vegna áverka sem hann hlaut. 11 ára gamall drengur, sonur M, hafði riðið hestinum eftir reiðvegi vestan vegarins og ætlað að beitargirðingu austan hans. Bjart var af degi, sólskin og þurrt færi.

Ökumaður A kvaðst hafa verið á leið norður. Umferð hafi verið talsverð og mjög hæg. Hann hafi séð framundan hóp af hestum á reiðveginum meðfram þjóðveginum og hafi sumum verið riðið en aðrir verið í taumi. Hafi hann séð að knapinn á fremsta hestinum hafi verið ungur að árum og virtist hann ekki ráða vel við hestinn. Kvaðst hann því hafa dregið enn frekar úr hraða. Er hann var kominn á móts við umræddan hest, hafi hann skyndilega tekið á rás þvert yfir akbrautina og hafnað á vinstra frambretti A. Kvaðst ökumaðurinn hafa um leið reynt að sveigja til hægri en ekki tekist að afstýra slysinu. Greinilegt hafi verið að drengurinn réði ekki við hestinn.

M kvaðst hafa verið að koma eftir reiðvegi meðfram þjóðveginum að vestanverðu frá hesthúsahverfi í Vindási í Borgarbyggð ásamt tveimur sonum sínum (hér eftir nefndir G og E). Þeir hafi riðið hvor sínum hesti og voru aðeins á undan henni. Hún hafi verið gangandi með tvo hesta í taumi. Leið þeirra hafi legið yfir þjóðveginn áleiðis í beitargirðingu austan hans. Er G og E hafi verið komnir til móts við hlið á beitargirðingunni hafi löng bílalest nálgast úr suðri, en þó nokkuð hafi verið í fremsta bílinn sem hafi verið A. G hafi farið strax austur yfir veginn að hliðinu til að opna það. E hafi hins vegar ætlað að hinkra við þar til bílalestin væri farin hjá. Hafi hann reynt að halda í hestinn og sveigja honum frá veginum, en hesturinn hafi verið erfiður og viljað fara yfir veginn á eftir hinum. Hafi E átt í nokkru basli með hestinn og hafi hún því hraðað sér til hans eins og hún gat. A hafi síðan verið komin nánast að E, þegar hesturinn náði að fara inn á veginn. Nánast um leið hafi vinstra framhorn A lent hægra megin framan á hestinum. Taldi M að hraði A hafi verið fullmikill miðað við aðstæður.

Eitt vitni var að atvikinu. Það var á dráttarvél að slóðadraga á túni austan við Vesturlandsveg. Kvað vitnið mikla bílaumferð hafa verið á veginum. Það hafi séð að G var kominn yfir veginn, en E hafi verið á eftir honum og hafi hann átt í einhverju basli með hestinn sem hann sat. Kvaðst vitnið þá hafa séð nokkuð marga bíla í lest aka um Vesturlandsveginn til norðurs, en það hafi verið nokkuð í það að fremsti bíllinn í lestinni kæmi að E. Téðri bifreið hafi ekki verið ekið þarna neitt óeðlilega hratt. Kveðst vitnið hafa haldið áfram för sinni um túnið og síðan beygt þannig að það snéri baki í Vesturlandsveginn og því ekki séð þegar slysið varð.

Álit.

Tjónið hlaust af notkun A og ber ökumaður og eigandi bifreiðarinnar ábyrgð á því skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í tilviki því sem hér um ræðir má þó lækka bætur eða

fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

M var þarna á ferð með tveimur sonum sínum, þ. á m. E 11 ára gömlum. Synir hennar riðu hvor sínum hesti, en M kom á eftir þeim fótgangandi með tvo hesta í taumi. Ferðinni var heitið yfir Vesturlandsveg, þar sem umferð er að jafnaði mikil og hröð. E hafði ekki fulla stjórn á hesti sínum sem lyktaði með því að hesturinn fór út á veginn, er A kom aðvífandi svo slysi var ekki forðað. M mátti ekki treysta því að E myndi komast vandræðalaust yfir veginn einkum í ljósi þess að bróðir hans fór á undan yfir veginn. Var brún nauðsyn að honum yrði veitt aðstoð. Sýndi M því verulegt gáleysi með því að láta drengina fara á undan á hestunum og ætla E að fara hjálparlaust yfir veginn á hesti sem hann réð ekki við, þegar á reyndi. Ekki verður séð að ökumaður A hafi átt þess kost að afstýra slysinu þegar hesturinn hljóp í veg fyrir bifreiðina.

Þegar framangreint er virt verður að telja að tjónsatvikið verði rakið til gáleysis M. Ber því að beita hér fyrrgreindri lækkunarheild 3. mgr. 88. gr. ufl. þannig að bótaréttur M úr ábyrgðartryggingu A falli niður.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 27. febrúar 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.